



281. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund mánudaginn 14. maí 2012 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Ástmar Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Helga Guðmundsdóttir, varamaður HG
Gretar D. Pálsson, GDP
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Hjörleifur K. Hjörleifsson, varamaður HKH
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Ástmar Hannesson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fjármál.

1.1. Sala Ásklif 4a.

Samþykkt að selja félaginu Queen Eider ehf. Ásklif 4a á 26,1 milljónir króna. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Til máls tóku: GS og LÁH

1.2. Lántaka Stykkishólmsbæjar.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga o.h.f. að fjárhæð 180.000.000 kr. annars vegar 90.000.000 kr. með 3,40% vöxtum til 12 ára, hins vegar 90.000.000 kr. með 3,80% vöxtum til 22 ára í samræmi við samþykka skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Er lánið tekið til að endurfjármagna hluta af afborgunum lána á gjalddaga hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2012, endurfjármagna lán að fjárhæð 80 milljónir króna hjá Arion banka sem tekið var árið 1998 vegna hitaveituf framkvæmda auk þess að fjármagna 30 milljóna króna hluta af framkvæmdaáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2012, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gyða Steinsdóttur, kt. 040570-5199, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Stykkishólmsbæjar að undirrita lánsamninga við Lánasjóð sveitarfélaga o.h.f. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.



Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: GDP, LÁH og GS

2. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2011, seinni umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 822,5 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 764,7 millj. kr. Rekstrargjöld A og B hluta námu 704,1 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 683,0 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var neikvæð um 35,1 millj. samkvæmt ársreikningi en neikvæð um 47,7 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2011 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 799,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 980,6 millj. kr.

Rekstarafkoma samantekins ársreiknings A og B hluta er neikvæð um 47,7 millj. kr. Meginástæður fyrir þessu eru:

- Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs A-hluti var neikvæð um 35,1 millj. Helstu ástæður þessarar rekstrarniðurstöðu má rekja til hækkunar launakostnaðar miðað við fjárhagsáætlun m.a. vegna þess að kjarasamningar voru gerðir á miðju ári 2011. Einnig urðu fjármagnsgjöld hærri, þar sem verðbólga reyndist hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Það sem er jákvætt við rekstur bæjarsjóðs A og B hluta er að Hafnarsjóður var rekin með u.þ.b. 1,0 millj. kr. hagnaði. Einnig er jákvætt að tekjur eru að aukast hjá Stykkishólmsbæ A-hluta eða úr 687,3 millj. kr. árið 2010 í 764,7 milljónir króna árið 2011. Skuldahlutfall miðað við tekjur hefur batnað milli ára.

Helstu fjárfestingarhreyfingar eru annars vegar sala á Aðalgötu 2 að upphæð 37,3 milljónir króna, hins vegar fjárfestingar að upphæð 23,8 milljónir króna og vegur fjárfesting í flotbryggju að upphæð 9,7 milljónir, nýtt hlutafé í Jeratúni að upphæð 5,7 milljónir þyngst.

Til máls tóku: GS, GDP, DS og LÁH

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.

Gretar fer fram á að skýring 17 á bls. 11 í ársreikningi verði leiðrétt.

Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri árituðu síðan ársreikninginn.



Bókun:

Frá árinu 2008 – 2011 hafa tekjur Stykkishólmsbæjar ekki staðið undir útgjöldum þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða. Það er ánægjuefni að rekstrartekjur hafa vaxið um 10% á milli árunna 2010-2011 meðan rekstarútgjöldin hafa vaxið um rúm 4%.

Leggja verður áherslu á að halda áfram að snúa hallarekstri sveitarfélagsins við. Halda verður áfram að ná niður skuldum sveitarfélagsins til að lækka vægi fjármangnsliða í ársreikningi. Þegar verðbólga er há eins og í dag hefur það mjög mikil áhrif á niðurstöðu rekstrar þar sem vaxtaberandi skuldir Stykkishólmsbæjar eru um 1.060.000.000. Hækkun verðbólgu um 1% þýðir því útgjöld sem nemur kr. 10,6 milljónir á ári.

Jákvætt er að sjá að framlegðarhlutfall hefur náð 10,7% í A hluta og 14,4% í A+B hluta en svo háu framlegðarhlutfalli hefur ekki verið náð síðan árið 2007. Veltufé frá rekstri hækkaði á árinu 2011 í 21,5 millj. úr 6,4 millj. á árinu 2010. Veltufé frá rekstri hækkaði einnig í A+B hluta en það fór í 33,0 millj. úr 24,9 millj. á árinu 2010.

Rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 43,5 milljónir í stað -3,7 milljóna árið 2010 í A hluta. Í samanteknum ársreikningi A+B er rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði jákvæð um kr. 64,6 milljónir í stað 21,1 milljóna árið 2010. Skuldahlutfallið hefur lækkað eins og að var stefnt.

Tekist hefur að ná niður kostnaði án sársaukafullra aðgerða á árinu 2011. Við erum á réttri leið en batinn er hægur

Á árinu 2011 voru gerðir nýir kjarasamningar sem leiddi til hærri launa en ráð var gert fyrir.

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um rúmar 56 milljónir miðað við áætlun og þegar horft er til málaflokka sveitarfélagsins kemur í ljós að stór hluti aukins kostnaðar miðað við fjárhagsáætlun er vegna þátta sem erfitt er að gera ráð fyrir eða stjórna. Eftirtaldir útgjaldaliðir skýra að mestu leyti frávik frá áætlun en það eru: málefni fatlaðra, húsaleigubætur, viðhald Íþróttamiðstöðvar, sorphreinsun, snjósmokstur auk þess sem flestallar stofnanir fóru örlítið fram úr áætlun. Geta má þess að áætlaður kostnaður hefur ekki hækkað á milli ára frá árinu 2008.

Lárus Á. Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davið Sveinsson
Helga Guðmundsdóttir

Bókun vegna ársreiknings Stykkishólmsbæjar 2011

Niðurstaða ársreiknings A- og B-hluta Stykkishólmsbæjar er áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi nýrra sveitarstjórnarlaga.

Tap er upp á 47,7 milljónir, þrátt fyrir að tekjur eru 77,8 milljónir umfram áætlun.

Tekjur fara 10,5% umfram áætlun og gjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði fara 16,7% umfram áætlun. Ef tekist hefði að halda gjöldum innan áætlunar hefði niðurstaðan verið hagnaður upp á 53,1 milljónir í stað taps upp á 47,7 milljónir.

Jákvætt er að óvæntar tekjur umfram áætlun hafa góð áhrif á skuldahlutfallið þar sem gjöld hafa engin áhrif við útreikning þess.

Áhyggjuefni er að kostnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði fer 16,7% fram úr áætlun. Laun og launatengd gjöld 12,6% og aðrir liðir um 25,5%. Þetta er alvarlegt þar sem þetta skilar tapi sem snúa þarf í hagnað í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 þar sem segir að samanlögð heildarútgjöld til reksturs A- og B-hluta í



reikningskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Gretar D. Pálsson
Guðlaug Ágústsdóttir
Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Fundargerðin upplestin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 17:36
Þór Örn Jónsson